



BORGARSKJALASAFN  
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 295

**Sænsk-íslenska frystihúsið**

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík  
[www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is](http://www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is)

## Sænsk-íslenska frystihúsið

### Formáli

Árið 1925 sóttu bræðurnir Esphólin á Akureyri um það fyrir hönd sænsks fyrirtækis að reisa frystihús í Reykjavík sem sérstaklega væri hannað fyrir fiskfrystingu. Fengu þeir úthlutað lóð á Arnarhóli og reis þar mikið hús sem var á þeim tíma stærsta hús sem byggt hafði verið á Íslandi. Sænska frystihúsið hafði áður staðið í Gautaborg í Svíþjóð en var rífið og efniviðir þess fluttir hingað. Fyrsti fiskurinn sem húsið tók til frystingar var 18. febrúar 1930 og var hér um merkilegt brautryðjendastarf að ræða enda fyrsta frystihúsið hér á landi. Frystur fiskur var fluttur erlendis frá Sænska frystihúsinu allt til ársins 1967. Húsið var þó notað allt til ársins 1981 undir ýmsa starfsemi og þá var það rífið til þess að rýma fyrir Seðlabankahúsinu.

Fyrsti forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins var Svíinn Harald Gustavsson og gegndi hann því starfi til ársins 1938 þegar Björn G. Björnsson tók við og gegndi hann því starfi til 1962. Þegar fyrirtækið var selt Íslendingum árið 1942 varð Björn enn fremur einn af eigendum þess.

### Heimildir:

Guðjón Friðriksson: Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. Síðari hluti. Reykjavík 1994, bls. 61. *Morgunblaðið* 20. janúar 1999 og 24. apríl 1994.

### Um skjalasafn Sænsk-íslenska frystihússins

Ekki er vitað hvernig og hvenær þessi skjöl bárust Borgarskjalasafni Reykjavíkur en þau voru í pappakassa ásamt nokkrum einkaskjala frá Reyni Björnssyni (sjá einkaskjalasafn nr. 296), syni Björns G. Björnssonar, fyrrum forstjóra Sænsk-íslenska frystihússins. Má því ætla að skjölin hafi borist frá Birni sjálfum eða ættingjum hans en Björn lést árið 1999. Ekki er um heilt skjalasafn að ræða heldur eina möppu af bréfum frá árunum 1935-1940 sem gengið var frá í sýrufriar umbúðir.

### Skjalaskrá

#### Askja 1

Bréf, útsend og innkomin, raðað í stafrófsröð eftir sendendum og viðtakendum 1935-1940.

Skráð Njörður Sigurðsson